

**Sp.**

**344. Tillaga til þingsályktunar**

[180. mál]

um sérfræðilega aðstoð við þingnefndir.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bjarni Guðnason, Ingólfur Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Jónas Árnason, Lárus Jónsson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að embættismenn og stofnanir, sem henni lúta eða njóta ríkisaðstoðar, svo og sveitarfélög og sambönd þeirra láti þingnefndum í té í tæka tíð umsagnir og aðra sérfræðilega aðstoð, sem óskað er eftir við athugun þingmála.

**Greinargerð.**

Meðferð mála í sameinuðu Alþingi og í deildum þingsins er í meginatriðum að jafnaði eins og hér segir: Sé um lagafrumvarp að ræða, þarf til lokaafgreiðslu þrjár reglulegar umræður á þingfundum og er máli vísað til nefndar að lokinni 1. umræðu, en við 2. umræðu er fjallað um nefndarálit og svo lokaafgreiðsla við 3. umræðu. Sé um þingsályktunartillögu að ræða, eru umræður á þingfundi ein eða tvær, og er máli vísað til nefndar að lokinni fyrri umræðu eða eftir frestun einnar umræðu, en um nefndarálit fjallað við 2. umræðu eða í lokapætti einnar umræðu. Orðið þingfundur er hér að venju haft um fundi í sameinuðu þingi og þingdeildum, efri og neðri deild.

Til þess er ætlað í þingsköpum, að mjög verulegur hluti þingstarfanna sé unninn í nefndum, að þar fari fram efnisleg rannsókn þingmála og að nefndarálit séu rökstudd, hvort sem um er að ræða sameiginlegt álit allra nefndarmanna eða mismunandi álit nefndarhluta. Nefndarálit séu helzt þannig úr garði gerð, að þau geti orðið þingmönnum utan nefndar til leiðbeiningar við umræðu og atkvæðagreiðslu.

Það er nokkuð föst venja, að þingnefndir leiti sér sérfræðilegrar aðstoðar í hverju máli, sem þær fjalla um. Sú sérfræðilega aðstoð er venjulega þannig fengin, að nefndir óska eftir bréflægum umsögnum um málin frá embættismönnum, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða samtökum af ýmsu tagi, og er þá til þeirra leitað í hverju máli, sem ætla má að séu kunnugir málefnum, hafi sérstakan áhuga á því eða hafi öðrum fremur aðstöðu til að meta það. Stundum kalla nefndir sérfróða menn á sinn fund til viðræðu. Hinna sérfræðilegu umsagna er oft getið í nefndarálitum og þær jafnvel prentaðar í heilu lagi orðréttar með nefndarálitum.

Niðurstöður nefndar geta oft verið að verulegu leyti undir því komnar, hvers konar umsagnir hún fær í hendur.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er auðsætt, að það skiptir miklu máli, að nefndunum takist í raun og veru að afla sér þeirrar sérfræðilegu aðstoðar, sem þær óska eftir hverju sinni, og að umsagnir um mál berist það tímanlega, að bið eftir umsögnum verði ekki til þess að tefja nefndarstörf. Ef nefndarstörf tefjast, verður einnig töf á þingstörfum, og getur þá svo farið, að þingmál dagi uppi af þeim ástæðum og hljóti ekki lokaafgreiðslu. En þeir, sem lengi hafa átt sæti á Alþingi, hljóta að veita því athygli, að nú í seinni tíð eru að verða nokkuð mikil brögð að því, að ýmsir þeir aðilar, sem þingnefndir biðja um hina sérfræðilegu aðstoð, eru svo seinir til svars, að bagalegt er, eða láta jafnvel alveg undir höfuð leggjast að láta nefndum í té umsagnir.

Hér er nú lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hlutast til um, að starfsmenn þeir og stofnanir, er henni lúta eða fá fjárhagslegan stuðning frá ríkinu, svo og sveitarfélögin og samtök þeirra komi betri reglu en verið hefur undanfarið á hina sérfræðilegu aðstoð við nefndir þingsins, enda ættu þeir aðilar að vera fúsir til að koma þeirri aðstoð og þar með áhugaefnum sínum á framfæri. Mikilsvert er, að umsagnir berist nefndum fyrir þann tíma, sem þær tiltaka, og því fyrir því betra.